

# Foreldrafundur Álfasteinn haust 2018

<http://alfheimar.arborg.is>

Facebooksíðan – Leikskólinn Álfheimar  
evahronn@arborg.is

Barnafjöldi á Álfasteini; 16 börn – 9 fædd 2016 og 7 fædd 2018 7 stúlkur og 9 drengir. 1. október bættist við 1 stúlka fædd 2016
---

## Starfsmenn eru:

- Margrét Jóna Ólafsdóttir, leikskólakennari í 80% starfi
  - mánudagar 8:45-16:45
  - þriðjudagur - ekki
  - miðvikudagar 8:45-16:45
  - fimmtudagar 8:00-16:00
  - föstudagar 8:00-16:00
- Kristín Hanna Jóhannesdóttir í 100% starfi
  - mánudagar 7:45-15:30
  - þriðjudagur 8:30-16:30
  - miðvikudagar 7:45-15:30
  - fimmtudagar 7:45-15:30
  - föstudagar 7:45-15:30
- Sara Hrönn Rúnarsdóttir í 100% starfi
  - mánudagar 8:00-16:00
  - þriðjudagur 8:00-16:00
  - miðvikudagar 8:00-16:00
  - fimmtudagar 8:00-16:00
  - föstudagar 8:00-16:00
- Agnieszka Wankowicz í 100% starfi
  - mánudagar 8:00-16:00
  - þriðjudagur 7:45-15:30
  - miðvikudagar 8:00-16:00
  - fimmtudagar 8:10-16:10
  - föstudagar 8:10-16:10
- Birta Sólveig Söring Þórisdóttir 100% starf – er í afleysingum
  - þriðjudagur 8:00-16:00
- Guðrún Edda Hannibalsdóttir, iðjuþjálfari, 100% starf
  - mánudagar 8:15-16:00
- Guðrún Ósk Guðjónsdóttir, sérkennslustjóri
- Eva Hrönn Jónsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri

## Smá um deildina

Þau börn sem mæta fyrir morgunmat byrja í rólegum leik t.d. púsla, skoða bók, kubba. Morgunmatur byrjar um kl:8:30 og flestir eru búnir að borða um 9:00. Morgunmatur er þó í boði fyrir alla sem eru með vistun fyrir 10.

Eftir morgunmat er lesið í þremur til fjórum hópum. Á fimmtudögum er sameiginleg söngstund í sal klukkan 9 þar sem öll börn og starfsfólk hittist og syngur saman.

Eftir lestur/söngstund er frjáls leikur þar sem við skiptum börnunum í tvær/þrjár stofur og þar er leikið, dansað og sungið. Um 9:30 Þá fáum við ávexti og svo fer fyrsti hópurinn fram í fataherbergi að klæða sig til að fara út.

Um 10:30/45 fara fyrstu börnin inn. Þá fá allir nýja bleyju og við setjumst saman í söngstund. Um 11:15, stundum fyrr borðum við hádegisverð og um 11:45 leggjumst við í hvíld.

Fáum aftur nýja bleyju fyrir nónhressingu sem er kl 14:15

Núna og hingað til hefur starfið bara snúist um það að börnunum líði sem best. Umhyggja, umönnun o.s.frv. – Virðing – hlýja – traust – sem eru einkunnarorðin okkar. Það verður áfram aðalviðfangsefnið okkar.

Þegar líða fer á haustið setjum við inn hópstarf og þá er 1 hópur inni fyrir hádegi, eins byrja 2016 börnin fljótlega að fara í skógarferð út á Engi sem þau yngri byrja á væntanlega í vor.

Við fáum líka salinn á fimmtudögum og byrjum fljótlega á að fara þangað að leika.

Í hópstarfi lærum við að vinna með öðrum og öðlast skilning á gildi samvinnu og þroskar með sér samkennd og ábyrðartilfinningu. Með þátttöku í barnahópi, stórum eða smáum, öðlast barn margþætta félagslega reynslu. Það þarf að finna að það hafi hlutverki að gegna þar og tilheyri hópnum.

Myndsköpun er stór þáttur í hópstarfi ásamt því að læra að vera í hóp. Það að fara í gönguferð, spila og fara í leiki er einnig hópstarf.

Hópar geta breyst svo og annað skipulag. Við erum enn að kynnast börnunum og sjá hvað kemur best út. Þarfir þeirra breytast og þá er oft nauðsynlegt að breyta.

## **Frjálsi leikurinn númer 1, 2 og 3 hvort sem er úti og inni.**

### **Hvað er frjáls leikur ?**

Nokkuð sem barnið sjálft finnur upp á að gera, án þess að hafa nokkuð að markmiði annað en gleðina sem það finnur fyrir í leiknum sjálfum. Í leiknum prófa börnin sig áfram með allskonar hlutverk sem þau kynnast í lífi sínu.

Þau reyna sig í hópnum, komast að því hvað er viðeigandi, hvað má og hvað má ekki í leiknum og í alvörunni. Þau komast að því hvernig þau eiga að haga sér til að vera vinir þ.e. leikurinn eflir félagsþroskann og hjálpar þeim að komast að því hvernig á að umgangast aðra. Í gegnum frjálsa leikinn losa þau líka um neikvæðar tilfinningar, reiði, sorg, afbrýðisemi o.s.frv. Þau hafa ekki

orð til að lýsa þessum tilfinningum sínum, en geta í leiknum fundið leiðir til að losa sig við þær.

Frjáls og sjálfsprottinn leikur er ekki aðeins gleðigjafi, hann er barninu einnig nám og starf.

Starfsfólkið styður við leik barnsins og er þátttakandi í því sem það velur hvort sem er leikur með bíla, dúkkur eða jafnvel spil.

Í frjálsum leik er átt við að barn velji sér viðfangsefni sjálft samfara þroska og áhuga.

## **Könnunarleikur**

Könnunarleikur er skapandi leikur með verðlausan efnivið.

Könnunarleikur fer þannig fram að safnað hefur verið saman í poka eða kassa alls konar "verðlausum" hlutum, ekki leikföngum í hefðbundnum skilningi sem eru keypt út í búð. Þetta eru hlutir eins og keðjur, lykklar, dósir, box, lok og efnisbútar.

Sá fullorðni raðar upp í jafn margar hrúgur eins og börnin eru mörg, sem líkustum hlutum fyrir hvert og eitt þeirra. Helst um 20 til 30 hlutum. Eftir að hlutunum hefur verið raðað á gólfið hefst leikurinn.

Þau fylla, tæma, setja saman, stafla, raða, draga, hrista, velja og hafna. Í leiknum fá börnin tækifæri til að kanna og rannsaka hlutina á eigin forsendum, vera litlir vísindamenn. Þau gera ýmsar tilraunir og prófa hvaða eiginleikum hlutirnir eru gæddir. Meðal þess sem þau átta sig á í gegnum leikinn er hvað er líkt og ólíkt, að hlutir haldi jafnvægi og að hlutirnir hafa óendanlega möguleika.

Einbeiting barnanna eflist og grunnur að því að finna lausnir myndast. Þau leiða leikinn sjálf og læra um leið að hægt er að gera hluti á margan máta. Enginn niðurstaða er rétt eða röng. Í gegnum könnunarleikinn þroska börnin einbeitingu og athyglisgáfu, samskiptahæfni og málþroski er örvaður.

Hlutverk starfsmanns í leiknum er fyrst og fremst að raða upp hlutunum í byrjun leiktímans og svo að halda sig til hlés. Afskipti hans eru eins lítil og mögulegt er. Hann grípur einungis inn í ef nauðsyn krefur og reynir að tala sem minnst við börnin. Hann skráir niður atferli barnanna, með því er hægt að fylgjast með þróun leiksins.

Tíminn sem er notaður í tiltekt er ekki síður mikilvægur en leikurinn sjálfur. Í gegn um tiltekt læra börn að para saman og flokka. En hvorutveggja er undirstaða stærðfræðináms barna. Þau læra einnig að tiltekt er ákveðin verklok.

## **Skógarferðir**

Ferðirnar eiga að vera skemmtilegar samverustundir úti undir berum himni þar sem frjálsi leikurinn er í fyrirrúmi.

Yngstu börnin í leikskólanum byrja á að fara í skógarferð út á „Engi“. Þar kynnumst við náttúrunni og leikum okkur saman. Við byrjum á því að fara út á Engi í stuttar ferðir í stuttan tíma þannig lærum við umgjörðina í kringum skógarferðirnar t.d. að ganga saman út í skóg tvö og tvö saman og drekka skógarsaft. Hver hópur mun fara einu sinni í viku, 2016 börnin til að byrja með.

Eftir ferðirnar er skrifað í skógarferðabók sem gaman er fyrir foreldra að lesa með börnunum þegar þau eru sótt – gott tækifæri til málörvuna

## Útivera

Börnin fara flest út daglega fyrir hádegi.

Hafa þarf í huga að vatn, mold og sandur er hluti af leikefnum barnanna úti í garði og þarf því að hafa nóg af aukafötum í töskunni svo og útiföt sem hæfa veðrinu hverju sinni.

Passa verður að ekkert vanti í hólfið og einnig að ekki sé of mikið af fötum.

Gott er að taka upp úr töskunni það sem barnið á að nota þann daginn og setja í hilluna. Hafa alltaf ullarsokka, vettlinga, húfu og peysu tilbúna uppi á hillu og pollagalla og kuldagalla hangandi á snaganum.

Yfirfara hólfið daglega til þess að athuga hvort eitthvað sé blautt eða eitthvað vanti, brjóta saman fötin í hólfinu, taka dót úr hillunni og henda rusli. Þannig hjálpast allir að við að hafa fataherbergið snyrtilegt.

## Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum í vetur, einu sinni núna í haust – október/nóvember og svo aftur í febrúar/mars.

## Tákn með tali

Tákn með tali byggir á líkamstjáningu og náttúrulegum og tilbúnum táknum. Táknin eru alltaf notuð samhliða tali og tákn með tali byggist á eðlilegu talmáli. Aðeins lykilorð hverrar setningar er táknuð.

Við notum táknin eins mikið og oft og við getum. Reynum að heilsa og kveðja með táknum, tákna sönglög, nota táknin í matartímum og fataklefanum o.s.frv.. Einnig höfum við táknin sýnileg fyrir börn, starfsfólk og foreldra.

Bendum á tmt.is en þar er hægt að sjá lang flest tákn.

## Námsmat

Gott að skoða námsmatshandbókina á heimasíðunni

Orðaskil – er málþroskapróf sem er ætlað að mæla orðaforða og valdi þeirra á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Í Árborg er prófið lagt fyrir foreldra allra 2,9 ára leikskólabarna.

TRAS – er skráningaraðferð til að fylgjast með málhegðun og málþróun 2-5 ára barna. Þar er verið að skoða samleik/félagsfærni, tjáskipti/samskipti, athygli/einbeitingu, málskining, málvitund, framburð, orðaforða og setningamyndun.

Ferilmappa – segir sögu barnsins í leikskólanum.

Hreyfirþroskamát – grófhreyfingar nýtt til að hjálpa okkur að skipuleggja hreyfistundir.

## **Nokkur atriði sem ég vil minna á**

Ef rýma þarf húsið förum við á Álfasteini á flötina hjá kofanum.

Merkja allan fatnað vel. Bæði útifötin og einnig önnur föt því þau fara gjarnan á flakk og þá er gott að hafa þau merkt. Óskilaföt eiga eftir að fá stað, en vonandi verður bara ekkert af óskilafötum. ☺

Þeir sem nota snuð þá er best að hafa alltaf sér snuð í leikskólanum og helst eitt auka.

Þeir sem vilja mega koma með koddabangsa til að hafa í hvíldinni, sem best er að sé geymt þar.

Við getum ekki borið ábyrgð á dóti sem kemur að heiman. Dót er ekki bannað og getur jafnvel verið æskilegt ef börnin öðlast meira öryggi. En mjög gott er að geyma það heima.

Fylgjast vel með hvort þurfi að fylla á aukafötin svo og útiföt barnanna ásamt húfu, ullarsokka, vettlinga, peysu, kuldagall og regngalla. Stígvél þorna t.d. mjög illa hjá okkur og ef það er mikil bleyta verður að athuga stígvélin svo og pollagalla svo að þau verði þurr fyrir næsta dag.

Það er í lagi að skilja allt eftir í hólfunum alla vikuna en taka þarf allt heim á föstudögum og yfirfara. Ef barnið þarf að nota aukafötin í vikunni þarf að sjálfsgöðu að koma með strax með ný aukaföt í leikskólann. Gott er að merkja fatnað barnanna því í stórum hóp getur það komið fyrir að það verði ruglingur.

Mikilvægt að hitta einhvern kennara þegar börnin koma eða eru sótt svo að við vitum ef börnin koma og fara.

Að lokum vil ég biðja alla að láta vita ef breytingar verða á högum barnsins t.d. breyting á vinnusíma, breytt heimilisfang o.fl.

Mikilvægt að virða vistunartíma barnanna – *starfsfólki er raðað inn á deildina í samræmi við fjölda barna. Ef barnið er með vistun frá kl. 8-16 er ekki komið með barnið kl. 7:50 og sótt 16:10, nema um það sé samið við deildina hverju sinni eða eitthvað hafi komið uppá. Vinsamlegast látið vita ef ykkur seinkar í lok dags. Einnig nauðsynlegt að láta vita ef barnið er veikt eða í fríi.*

## **Foreldrasamstarf**

Viljum hafa það sem best og nánast og byggist það fyrst og fremst á daglegum samskiptum. Jákvætt og traust samband milli foreldra og starfsfólks eykur öryggi og vellíðan barnanna. Það er velkomið að fá viðtöl hvenær sem er.

Vil að lokum minna á að alltaf er hægt að biðja um viðtal.

Aðlögunin búin að ganga vel en það byggist að miklu leiti á góðu samstarfi.

**Takk fyrir**